

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2021



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Ljósmynd á forsíðu: Minjavörður Norðurlands vestra, Guðmundur St. Sigurðarson,
skoðar snið í rofi á Höfnum á Skaga.

Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson.

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(+354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Ritstjórn:
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir
Ábyrgðarmaður:
Kristín Huld Sigurðardóttir

ISSN 2547-6475

Efnisyfirlit

1.	Ávarp forstöðumanns	4
2.	Um stofnunina	5
2.1	Mannauðsmál	5
2.2	Starfsmannaferðir	5
2.3	Ráðgefandi nefndir og minjaráð	5
2.3.1	Fornminjanefnd	6
2.3.2	Húsafriðunarnefnd	6
2.3.3	Minjaráð	7
2.4	Stefnumótunarvinna	8
3.	Málafjöldi og viðfangsefni	9
3.1	Fjöldi mála	9
3.2	Fjölbreytt viðfangsefni	9
4.	Rannsóknir og miðlun	12
4.1	Rannsóknir á menningarminjum	12
4.2	Skráning menningarminja	13
4.2.1	Hús og mannvirki	13
4.2.2	Fornleifar	13
4.3	Náttúruvá á Reykjanesi	14
4.4	Miðlun	15
4.4.1	Útgáfa	15
4.4.2	Samfélagsmiðlar og heimasíða	15
4.4.3	Námskeið	16
4.4.4	Ráðstefnur og fundir	16
4.5	Innviðauppbýgging á ferðamannastöðum	16
5.	Verndun og friðlýsingar	18
5.1	Friðlýsingar	18
5.2	Tillögur að friðlýsingum	18
5.3	Verndarsvæði í byggð	18
6.	Inn- og útflutningur menningarminja	19
7.	Samstarfsverkefni	20
7.1	Innlent samstarf	20
7.2	Alþjóðlegt samstarf	21
8.	Minjasvæði	23
8.1	Reykjavík og nágrenni	23
8.2	Reykjanes	24

8.3	Vesturland.....	25
8.4	Vestfirðir	26
8.5	Norðurland vestra	27
8.6	Norðurland eystra	28
8.7	Austurland	29
8.8	Suðurland.....	30
9.	Úthlutanir úr sjóðum	31
9.1	Fornminjasjóður.....	31
9.2	Húsafriðunarsjóður	32
10.	Fjármál	33
10.1	Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur.....	33
10.2	Fornminjasjóður – rekstrarreikningur	34
10.3	Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur.....	35

1. Ávarp forstöðumanns

„Menning“ er öflugt hugtak með margþætta merkingu. Það er notað til að lýsa mannlegum eiginleikum, þekkingu, siðferði, trú og táknum sem eru undirstaða mannlegs samfélags. Hugtakið merkir einnig sameiginlegan arf, sköpunarverk og þjóðmenningu. Menning getur verið heildstæð, en einnig takmörkuð. Þannig er talað um íslenska menningu, sem er sá málaflokkur sem starfsfólk Minjastofnunar Íslands fæst við. Hugtakið er einnig notað um siði og viðbrögð sem tíðkast í samskiptum manna á vinnustað. Þar skiptir máli að menningin sé jákvæð og samskiptin óheft.

Árið 2021 var óvenjulegt, rétt eins og árið á undan. Covid hafði veruleg áhrif á starfsemi Minjastofnunar Íslands. Haldnir voru fastir fundir á Teams þrisvar í viku til að halda fólki vel upplýstu um öll mál er snertu stofnunina og faraldurinn. Fólk varð margt óöruggt, starfsgleðin minnkaði og álag jókst. Sumir unnu á sínum vinnustöðvum allan tímann, aðrir kusu að vinna heima. Tekið var fullt tillit til aðstæðna starfsfólks. Við þessar óeðlilegu aðstæður var einnig ráðið nýtt fólk til starfa.

Jarðskjálftar og eldgos á Reykjanesi höfðu veruleg áhrif á starfsemi Minjastofnunar Íslands 2021. Myndað var teymi sérfræðinga til að byggja upp skráningardeild, með áherslu á vettvangsskráningu og rannsóknir á minjum á Reykjanesi, sem óttast var að færu undir hraun. Gögnin voru færð inn í landfræðilegan gagnagrunn og minjavefsjá stofnunarinnar. Samkomulag var gert við *NIKU – Norsk institutt for kulturminneforskning* í Osló, um gerð þrívíddarlíkana af merkilegum friðlýstum minjum á Reykjanesi til að ásýnd og uppmælingar þeirra varðveittust til framtíðar.

Sumarið 2021 réð Minjastofnun Íslands frábæra námsmenn úr Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands í gegnum Vinnumálastofnun til að vinna að spennandi verkefnum, sem hafa komið að góðum notum fyrir stofnunina. Meðal þeirra voru lögfræðimál, þátttaka í skráningu og rannsóknunum á minjum á Reykjanesi og nokkur spennandi miðlunarverkefni. Þeirra á meðal eru stuttmyndir um minjastaði og starfsemi Minjastofnunar, sem má finna á heimasíðu stofnunarinnar, gerð áætlunar um miðlun minja í Þjórsárdal og nýtingu útihúsa á Hofstöðum í Mývatnssveit til að segja frá fornleifarannsóknunum og sögu sveitarinnar.

Sem fyrr voru starfsmenn Minjastofnunar Íslands allt of fáir árið 2021 þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til yfirvalda um úrbætur undanfarna áratugi. Álagið á starfsfólk er gífurlegt.

Skipulögð vernd menningarminja á Íslandi hófst árið 1817 með friðlýsingu Danakonungs á 10 fornleifum og rúnasteinum um allt land. Á undanförunum árum hafa yfirvöld ekki sýnt menningarminjum landsins sömu ræktarsemi og tíðkaðist þá. Lítið hefur verið tekið undir tillögur minjavörslunnar um úrbætur. Það er trú stofnunarinnar að ríkisstjórn og þingmenn muni sýna málaflokknum þann sóma sem menningarminjar landsins eiga skilið og efli hlut minjavörslunnar í samræmi við þær áætlanir og stefnur sem Minjastofnun Íslands og fyrirrennarar hennar hafa sent inn til fagráðuneyta og Alþingis allt frá árinu 2001.

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður



Kristín Huld
Sigurðardóttir
forstöðumaður
Minjastofnunar Íslands.

2. Um stofnunina

2.1 Mannauðsmál

Henny Hafsteinsdóttir, arkitekt, hóf störf sem minjavörður Reykjavíkur og nágrennis í byrjun febrúar.

Verkefnaráðningar Sólrúnar Ingu Traustadóttur, Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur, Margrétar Valmundsdóttur og Ómars Vals Jónassonar voru framlengdar út árið.

Tíu sumarstarfsmenn voru ráðnir til margvíslegra starfa í gegnum sumarátak Vinnumálastofnunar. Komu þeir að verkefnum tengdum miðlun, skráningu og kortlagningu fornleifa, gerð verndaráætla og lögfræðimálum.

2.2 Starfsmannaferðir

Dagana 20.–23. september fóru starfsmenn Minjastofnunar í vinnuferð á Hofstaði í Mývatnssveit. Ferðin var nýtt til fundahalda, þar sem m.a. var rætt um stefnumótun og ferla og verkefni innan stofnunarinnar, auk þess sem ýmsir staðir voru skoðaðir. Víða var komið við á leiðinni til og frá Hofstöðum auk þess sem einn dagur var tekinn undir skoðunarferð um Mývatnssveit og Þingeyjarsýslu. Þeir starfsmenn stofnunarinnar sem ekki komust með í ferðina sátu fundina á Teams og tóku þannig þátt í umræðum.

Starfsmenn sóttu ekki fundi eða ráðstefnur erlendis á árinu.



*Starfsfólk
Minjastofnunar við
Hraunsrétt í Aðaldal.*

2.3 Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði, mönnum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna [undir hverju minjasvæði á heimasíðu Minjastofnunar](#).

2.3.1 Fornminjanefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn.

Nefndin hittist átta sinnum á árinu, á sex almennum fundum og á tveimur vinnufundum, þar sem farið var yfir umsóknir ársins, 16. og 17. febrúar.

Ný nefnd var skipuð til fimm ára frá og með 1. júlí og á sama tíma tók Ásta Hermannsdóttir við af Agnesi Stefánsdóttur sem tengiliður Minjastofnunar við fornminjanefnd. Fráfarandi nefnd er þakkað kærlega fyrir samstarfið á undanförunum árum.

Ný fornminjanefnd er þannig skipuð:

Andrés Skúlason, formaður, skipaður án tilnefningar,

Ármann Guðmundsson varaformaður, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga,

María Karen Sigurðardóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,

Andrés Pétursson tilnefndur af Rannís,

Anna Guðrún Björnsdóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn eru:

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir skipuð án tilnefningar,

Guðmundur Ólafsson tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga,

Sigríður Þorgeirsdóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,

Steinunn S. Jakobsdóttir tilnefnd af Rannís,

Valur Rafn Halldórsson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2.3.2 Húsafriðunarnefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn.

Húsafriðunarnefnd hélt sex fundi á árinu. Fyrsti fundurinn var haldinn þann 9. febrúar 2021 með hjálp fjarfundarbúnaðar en aðrir fundir voru haldnir á skrifstofu Minjastofnunar, Suðurgötu 39. Nefndarmenn fóru í vettvangsskoðun í þingsal og hliðarherbergi Alþingishússins í tengslum við fund nefndarinnar 3. mars. Steingrímur J. Sigfússon forseti sameinaðs Alþingis, Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri, Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður og Þorsteinn Magnússon varaskrifstofustjóri tóku á móti fundarmönnum og starfsmönnum Minjastofnunar, sýndu húsið og gerðu grein fyrir afstöðu sinni til breytinga á þingsalnum, sem hugmyndir voru um á þeim tíma.

Ný nefnd var skipuð til fimm ára frá og með 1. maí. Fráfarandi nefnd er þakkað kærlega fyrir samstarfið á undanförunum árum.

Ný húsafriðunarnefnd er þannig skipuð:

Arnildur Pálmadóttir, formaður, skipuð án tilnefningar,

Ágúst Hafsteinsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar,

Sigbjörn Kjartansson tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,

Magnús Karel Hannesson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Helga Maureen Gylfadóttir tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn eru:

Hanna Rósa Sveinsdóttir skipuð án tilnefningar,
Guðmundur Þór Guðmundsson skipaður án tilnefningar,
Gunnþóra Guðmundsdóttir tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands,
Margrét Þormar tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Örlygur Kristfinnsson tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

2.3.3 Minjaráð

Minjaráðin sem nú sitja eru með skipunartíma 2019–2023.

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis var skipað á árinu, en tafir höfðu orðið á skipun ráðsins m.a. vegna covid og breytinga á mönnun á minjasvæðinu.

Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar](#).



*Minjaráð
Austurlands í
heimsókn á
Seyðisfirði í júlí 2021.*

2.4 Stefnumótunarvinna

Vinna við mótun stefnu skv. 8., 9. og 11. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi stóð allt árið. Við skipun nýrra fornminja- og húsafriðunarnefnda bættust formenn nýju nefndanna í verkefnisstjórn um mótun stefnunnar. Á vordögum tóku ráðgjafar trúnaðarviðtöl við 25 sérfræðinga á málefnasviðinu. Í kjölfarið voru haldnir 14 rýnifundir. Þeir fjölluðu annars vegar um afmörkuð mál, s.s. gamalt handverk, menningarminjar sem auðlind og skip og báta, en hins vegar voru greind afmörkuð svið innan málefnaflokksins með hópum sérfræðinga eða annarra hagsmunaaðila, s.s. fornleifafræðinga, arkitekta og starfsfólks sveitarfélaga. Á þessa fundi voru boðaðir sérfræðingar og hagsmunaaðilar um hvert efni utan Minjastofnunar. Auk þess var fundað með ráðgjafarnefndum og minjaráðum á þessu stigi vinnunnar. Þegar fundum og viðtölum var lokið var spurningakönnun send til á sjötta hundrað aðila, auk þess sem könnunin var aðgengileg á heimasíðu Minjastofnunar og gátu allir þeir sem áhuga höfðu svarað henni. Alls bárust 188 svör.

Að lokinni umfangsmikilli gagnaöflun unnu ráðgjafar úr gögnunum og kynntu niðurstöður fyrir verkefnisstjórn sem vann áfram úr þeim. Í október og nóvember 2021 voru niðurstöðurnar lagðar fyrir ráðgjafarnefndir. Í kjölfarið hófst vinna verkefnisstjórnar og sviðsstjóra hjá Minjastofnun Íslands, með fulltingi ráðgjafa, við að skrifa heildstætt stefnuskjal með þeim áherslum sem nauðsynlegt er að hafa í forgrunni á næstu árum.

Í júní 2021 samþykkti mennta- og menningarmálaráðuneytið tillögu að annarri stefnu, *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi*, sem unnin var undir forystu Minjastofnunar Íslands og samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Tillöggunni var skilað inn til ráðuneytisins í desember 2020.

[Stefnuna og nánari upplýsingar má nálgast hér.](#)


3. Málafjöldi og viðfangsefni

3.1 Fjöldi mála

Árið 2021 voru 1666 mál skráð í GoPro.net, málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Það er 243 málum fleira en árið 2020. Málum fer jafnt og þétt fjölgandi á milli ára en stökkið á milli 2020 og 2021 er stærra en aukning á milli ára næstu ár á undan. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.



3.2 Fjölbreytt viðfangsefni

Viðfangsefni Minjastofnunar eru margvísleg og dreifast um allt landið. Fjölgun er í skráðum málum á öllum minjasvæðum, nema á Vestfjörðum þar sem málum fækkar um átta á milli ára. Hlutfallslega er mest fjölgun mála á milli ára á minjasvæði Norðurlands vestra, en þar fjölgar málum um 42% frá árinu 2020.




Mál tengd umsóknum í húsafriðunar- og fornminjasjóði eru 301 á árinu og almenn mál tengd viðhaldi og varðveislu menningarminja, sem og mál er varða viðhald, endurbætur og forvörslu menningarminja, eru samtals 174 undir tveimur málalyklum, en þau voru 110 árið 2020.


Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiss konar skipulagsvinnu og framkvæmdir. Er þær allt frá breytingum á friðuðum, friðlýstum húsum og umsagnarskyldum húsum og mannvirkjum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga. Samtals voru skráð 1073 slík mál á árinu, undir sex málalyklum. Mikil fjölgun sést á milli ára í þessum málum, en árið 2020 voru mál undir þessum sex málalyklum 887 og árið 2019 voru þau 776.



Undir ýmsar framkvæmdir falla t.a.m. byggingarreitir utan deiliskipulags, línulagnir, skógrækt og aðrar framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér.



Undir umhverfismat falla öll mál er tengjast umhverfismati, þ.e. umsagnir um umhverfismat, umhverfismatsskyldu og tillögur að matsáætlunum. Athygli vekur að engin mál tengd umhverfismati á Norðurlandi vestra komu inn á borð stofnunarinnar á árinu.



Langflest mál er varða breytingar á húsum eru skráð á minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis. Á þremur svæðum hefur fjöldi breytingarbeiðna nær staðið í stað en á fjórum hefur fjöldinn allt að tvöfaldast. Beiðnum um niðurrif og flutninga hefur fækkað á öllum svæðum á milli ára, nema í Reykjavík og nágrenni.

4. Rannsóknir og miðlun


4.1 Rannsóknir á menningarminjum

Minjastofnun gaf út sextíu leyfi til fornleifarannsókna árið 2021. Fjöldi rannsókna er því í góðu meðallagi miðað við árin sex þar á undan, eins og sjá má á töflunni hér að neðan. Af þessum leyfum eru þrjátíu og níu vegna framkvæmda, fjórar björgunarrannsóknir og sautján vísindarannsóknir. Athyglisvert er að þó vísindarannsóknum hafi fjölgað lítillega frá árinu 2020, þá eru þær mun færri en árin þar áður.

Björgunarrannsóknum var haldið áfram í Sandvík í Kaldrananeshreppi á Ströndum (þar sem sjór er að brjóta fornleifar). Einnig var gerð rannsókn á mannvirki sem var að blása upp í landi Bakka í Viðvíkursveit. Minjastofnun Íslands gerði tvær björgunarrannsóknir vegna eldsumbrota við Fagradalsfjall: könnunarskurði í Borgarfjallsrétt og við Ísólfskála.

Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2015	46	26
2016	55	36
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22
2020	44	15
2021	60	17

Af minjasvæðunum fóru flestar rannsóknir fram á Suðurlandi eða 14 rannsóknir, sem er tveimur fleiri en í Reykjavík og nágrenni, þar sem voru 12 rannsóknir. Á Suðurlandi fjölgaði bæði vísindarannsóknum og framkvæmdarannsóknum. Skilgreiningu á tegundum rannsókna má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar](#).



Yfirlit um veitt rannsóknarleyfi 2021 má sjá á heimasíðu Minjastofnunar. Vakin er athygli á að Minjastofnun gefur út yfirlit um rannsóknir hvers árs, þar sem helstu niðurstöður koma fram, og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar.

4.2 Skráning menningarminja

4.2.1 Hús og mannvirki

Eitt af hlutverkum Minjastofnunar Íslands er að halda skrá yfir friðuð og friðlýst hús og mannvirki. Á vef stofnunarinnar er að finna [lista yfir öll friðlýst hús og mannvirki](#). Skrá yfir friðuð hús, þ.e. hús sem eru 100 ára og eldri, er í stöðugri vinnslu, enda fjölgar þeim húsum á hverju ári, eðli málsins samkvæmt. Af ýmsum ástæðum getur verið vandkvæðum bundið að fastsetja byggingarár húss, m.a. vegna þess að byggingarár er ekki skráð rétt í Fasteignaskrá, húsið eða mannvirkið er ekki skráð í Fasteignaskrá eða byggingarár liggur ekki fyrir. Á árinu 2021 varð fyrsti hluti upplýsinga um friðuð hús og mannvirki gerður aðgengilegur á Minjavefsjá og stöðugt er unnið að því að bæta við þær upplýsingar. Í lok árs 2021 voru rúmlega 3.000 friðuð hús og mannvirki skráð í gagnasafn Minjastofnunar, en gera má ráð fyrir að þá hafi um 3.500 hús náð 100 ára markinu á landinu öllu.

Við gerð húsakannana verða til ómetanleg gögn um byggingararfinn sem nýtast sem grundvöllur og fagleg rök fyrir ákvörðunum sem taka þarf um vernd hans. Minjastofnun leggur ríka áherslu á að notað sé rafræna skráningarformið *Huginn*, svo skráningin sé stöðluð, fagleg og nýtist sem best öllum þeim sem þurfa upplýsingar um þann hluta menningarminja sem byggingararfurinn er.

[Allar fullbúnar húsakannanir sem borist hafa Minjastofnun má finna á vef stofnunarinnar](#). Á hverju ári bætist í þann sjóð upplýsinga sem húsakannanir hafa að geyma.

4.2.2 Fornleifar

Alls bárust Minjastofnun 95 fornleifaskráningarskýrslur útgefnar á árinu, ásamt tilheyrandi gögnum. Er þetta nokkuð í takt við þann fjölda sem borist hefur stofnuninni eftir að kröfur um gagnaskil voru hertar árið 2016.

Áfram var unnið að þróun minjavefsjár stofnunarinnar sem undir lok árs innihélt upplýsingar um 13.741 fornleifar. Er það öllu minni fjölgun en áætlað var frá árinu 2020 sem helgast einkum af því að starfsmenn skráningardeildar voru mikið til bundnir við skráningu menningarminja á Reykjanesskaga vegna eldgoss sem þar hófst í mars (sjá nánar hér að neðan). Þau nýmæli urðu svo á haustmánuðum að viðræður hófust við Landmælingar Íslands um hýsingu landupplýsingagrunns og rekstur minjavefsjárinnar. Var markmiðið m.a. að Minjastofnun fengi aukna stjórn á gagnagrunninum og vefsjónum og voru þessar viðræður langt komnar við lok árs.

Haldið var áfram vinnu við að gera fornleifaskráningarskýrslur aðgengilegar á minjavefsjónum í gegnum vefslóðir. Felst vinnan í að safna saman rafrænum eintökum af skýrslum og koma þeim inn á þar til gerðan vefþjón þaðan sem þær eru tengdar minjavefsjónum. Einnig var talsverð vinna lögð í að koma skýrslum sem eingöngu voru til á pappírformi yfir á rafrænt form með skönnun og ljóslestri. Var staða verkefnisins sú við lok árs 2021 að hlutfall skýrslna á vefsjónum, af heildarfjölda í forum Minjastofnunar, stóð í um 80%, sem er talsverð

aukning frá árinu 2020 þegar um 68% höfðu verið tengd vefsíðum við lok árs. Er stefnt að því að hlutfallið verði að jafnaði um 95%.

Haustið 2020 hófst vinna við verkefnið „Kortlagning minja á Íslandi“ sem fólst í kortlagningu örnefna sem þykja vísa á minjar upp úr örnefnagrunni Landmælinga Íslands. Ekki er um að ræða eiginlega fornleifaskráningu, sem felur í sér nákvæma staðsetningu minja, heldur er markmiðið að skapa Minjastofnun yfirsýn á mögulega minjastaði í gegnum örnefnið. Verkefnið var langt á veg komið við árslok 2021, en í raun er einungis um að ræða fyrsta áfanga þess, þar sem kortlagning Landmælinga á örnefnum stendur enn yfir og því kemur örnefnagrunnurinn til með að stækka áfram á næstu árum og þeim örnefnum sem vísa á minjar til með að fjölga að sama skapi. Auk áframhaldandi skráningar minjatengdra örnefna er svo ætlunin að bera örnefnaskráninguna saman við fyrirliggjandi fornleifaskráningu, auk þess sem ráðist verður í kerfisbundna yfirferð á loftmyndum þar sem leitað verður minja í samhengi við örnefnið.

4.3 Náttúruvá á Reykjanesi

Þann 24. febrúar 2021 hófst jarðskjálftahrina á Reykjaneskaga sem, eins og fljótlega átti eftir að koma í ljós, var af völdum kvikuhreyfinga norðaustur af Grindavík og lauk þeirri atburðarás með því að eldgos hófst í Geldingadölum við austanvert Fagradalsfjall tæpum mánuði síðar, eða 19. mars.

Strax við upphaf jarðhræringanna fór í gang ferli hjá fornleifaskráningarteymi Minjastofnunar Íslands er miðaði að því að afla gagna yfir minjar sem mögulega gætu orðið fyrir áhrifum af völdum þessara umbrota. Farið var yfir fyrirliggjandi gögn úr fornleifaskráningum sem framkvæmdar höfðu verið á svæðinu en einnig var notast við gögn frá eldfjallafræði- og náttúruvárhópi Háskóla Íslands sem unnið hafði spálíkön um hraunflæði og aðra hegðun eldsumbrotanna. Var markmiðið að skapa Minjastofnun nauðsynlega yfirsýn á fjölda og staðsetningu minja á svæðinu, með það fyrir augum að geta forgangsraðað minjunum með tilliti til verndunar og annarra mótvægisáðgerða.

Ráðist var í umfangsmikla vettvangsskráningu fornleifa á áhrifasvæði jarðskjálftanna og síðar eldsumbrotanna, en auk þess voru gerðar könnunarrannsóknir á völdum stöðum í formi kjarnaborana og könnunarskurða. Einnig var farið í samstarf við Antikva ehf. og NIKU (*Norsk institutt for kulturminneforskning*) um gerð þrívíddarlíkana af minjum á þremur friðlýstum minjastöðum á Reykjanesi; í Sundvörðuhrauni austur af Eldvörpum, Húshólma og á Selatöngum. Hægt er að skoða þrívíddarlíkönin sem gerð voru á [Sketchfab-síðu Minjastofnunar](#).

Þrjú sumarstarfsmenn voru ráðnir, með styrk frá Vinnuárástofnun, sem tóku þátt í átaksverkefninu; Atli Freyr Guðmundsson, Björgvin Már Zoëga Sigurðsson og Samantha Ann Monsen.

Betur fór en á horfðist með tilliti til minja í hættu á Reykjaneskaga því ekki er talið að neinar fornleifar hafi farið undir hraun í eldgosinu og niðurstöður vettvangsrannsóknna starfsmanna Minjastofnunar leiddu í ljós að engra mótvægisáðgerða væri þörf að svo stöddu. Eldgosið við Fagradalsfjall stóð yfir um hálf ár en sérfræðingar telja það vera upphaf nýrrar eldgosahrinu á Reykjaneskaga og því talsverðar líkur taldar á frekari eldsumbrotum á komandi árum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir minjar á svæðinu. Í ljósi þessa stefnir Minjastofnun á áframhaldandi skráningarátak á skaganum.

Nánari upplýsingar um átaksverkefnið er hægt að nálgast í skýrslunni *Eldsumbrot á Reykjanesskaga. Minjar í hættu og viðbrögð Minjastofnunar við náttúruvá – stöðuskýrsla*, [hér](#).

Uppmælingar á fornleifum sem gerðar voru á vettvangi er hægt að finna á [kortavefsjá Minjastofnunar](#) (verkefnanúmer 2626).

4.4 Miðlun

4.4.1 Útgáfa

Minjastofnun gaf út 8 rafræn [fréttabréf](#) á árinu. Áskrifendur að fréttabréfinu eru rúmlega 400 talsins, einstaklingar sem og stofnanir/fyrirtæki.

Litaspjald sögunnar. Sýnishorn um litaval á eldri húsum var gefið út á árinu og er leiðbeiningarit með dæmum um vel heppnaða litasetningu húsa sem samræmist aldri þeirra og gerð. Ritið er samstarfsverkefni framtakssamra einstaklinga og hönnuða sem hlutu styrk úr húsafriðunarsjóði og fengu Minjastofnun, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Húsverndarstofu í lið með sér við vinnslu þess. Litaspjald sögunnar er aðgengilegt í [pdf-útgáfu](#) á vef Minjastofnunar Íslands, Húsverndarstofu og Epal en er einnig fánlegt í helstu málningarvöruslunum.



4.4.2 Samfélagsmiðlar og heimasíða

Minjastofnun notar samfélagsmiðlana [Facebook](#) og [Instagram](#) til að miðla fræðandi og skemmtilegu efni er varðar menningarminjar á Íslandi. Einnig eru miðlarnir notaðir fyrir tilkynningar af ýmsu tagi er varða starfsemi stofnunarinnar, viðburði og nýjustu fréttir um fornleifa- og byggingararf.

Auk þess er Minjastofnun á [Sketchfab](#) þar sem er að finna þrívíddarlíkön af minjastöðum sem starfsmenn hafa unnið og einnig í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði. Vonast er til að gera fleiri líkön í framtíðinni og birta þau á síðunni.

Listi yfir útgefnar fornleifaskráningaskýrslur hefur verið gerður aðgengilegur á síðunni [Fornleifaskráning \(minjastofnun.is\)](#).

Jóladagatal Minjastofnunar er orðið að föstum árlegum lið á heimasíðunni þar sem menningarminjar eru valdar til umfjöllunar dag hvern í desembermánuði til aðfangadags. Í ár var m.a. fjallað um Betuhús í Æðey, Hólavallakirkjugarð í Reykjavík, Hafnabúðir á Skaga, Baðstofuhelli í Reynishverfi, Krosslaug í Borgarfirði og Hegningarhúsið í Reykjavík svo eitthvað sé nefnt. [Hér má finna Jóladagatalið 2021](#).

Sumarið 2021 var einn starfsnemi, með styrk frá Vinnumálastofnun, ráðinn til að vinna kynningarefni fyrir Minjastofnun, Hrafnkell Tumi Georgsson, sem stundar nám við Listaháskóla Íslands. Hann tók viðtöl við starfsfólk og vann myndbönd sem fjölluðu um menningarminjar og starfsemi stofnunarinnar. Þau hafa verið birt á samfélagsmiðlum og hægt er að horfa á þau á [Youtube-síðu Minjastofnunar](#).



Starfsfólk Minjastofnunar gerði fleiri kynningarmyndbönd á árinu sem birt voru á samfélagsmiðlum og Youtube-síðu stofnunarinnar. Minjavörður Austurlands gerði myndband þar sem kynnt var hvað gera skyldi ef fornleifar finnast við framkvæmd verks. Hún gerði einnig myndband um Teigarhorn, á íslensku og ensku, í samstarfi við son sinn Aron Frey, í tengslum við menningarminjadaga Evrópu.

4.4.3 Námskeið

Tveir starfsmenn Minjastofnunar kenndu á námskeiðinu *Skipulag og undirbúningur á ferðamannastöðum* hjá Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem farið var yfir atriði varðandi menningarminjar þegar kemur að vinnu vegna uppbyggingar á ferðamannastöðum. Dæmi voru tekin um hvað ber að hafa í huga og hvað ber að varast í því flókna uppbyggingarferli sem margir aðilar koma að.

Vorið 2021 stóð Minjastofnun í samvinnu við Endurmenntun HÍ fyrir tveggja daga námskeiði um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana. Tveir af fimm kennurum á námskeiðinu voru starfsmenn Minjastofnunar, Guðlaug Vilbogadóttir og María Gísladóttir. Á námskeiðinu kynntust nemendur aðferðum við skráningu húsa og mannvirkja og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki mati á varðveislugildi þeirra. Námskeiðið sóttu 8 áhugasamir nemendur, m.a. arkitektar, þjóðfræðingar og sagnfræðingar.

4.4.4 Ráðstefnur og fundir

Stefnt var á að halda ársfund Minjastofnunar í nóvember en vegna covid-takmarkana var honum frestað.

Minjastofnun var þátttakandi í málþingi Íslandsdeildar ICOMOS um loftslagsbreytingar og menningararf sem haldið var 2. desember í Norræna húsinu og á Zoom. Fyrirlesarar voru íslenskir og erlendir fræðimenn, þar af einn starfsmaður Minjastofnunar.

4.5 Innviðaupbygging á ferðamannastöðum

Minjastofnun fékk á árinu 2021 fjármagn úr Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum – Verkefnaáætlun 2021–2024 til átta verkefna, þar af eru þrjú á nýjum stöðum. Í einhverjum tilfellum var um viðbótarfjármagn til eldri verkefna að ræða, en í öðrum tilfellum til nýrra verkefna á sömu stöðum og stofnunin hefur unnið að verkefnum á síðustu árum.

Unnið var að fjölda verkefna á árinu og kláraðist m.a. afmörkun minjasvæðisins á Hegranesþingi auk þess sem aðkoma og lagfæringar við Fjóshelli á Ægissíðu komust langt. Sett voru upp skilti við Krosslaug í Lundarreykjadal og Gömlu-Brekkurétt við Grábrók í Borgarfirði, og í Skálholti var tenging á milli kirkjuganga og útsýnispalls við uppgraftarsvæði löguð svo eitthvað sé nefnt.



Mót kirkjuganga og útsýnispalls við minjasvæðið í Skálholti löguð.

5. Verndun og friðlýsingar

5.1 Friðlýsingar

Að tillögu Minjastofnunar Íslands friðlýsti mennta- og menningarmálaráðherra (mmr.) eftirtaldar menningarminjar á árinu 2021:

Litlabæjarvör 4, Álftanesi. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins og frágangs gólfs, lofts og veggja í stofurými og miðjugangi innandyra. Skjal ráðherra undirritað 3. nóvember 2021, sbr. bréf mmr. 22. nóvember 2021.



Litlabæjarvör 4.

5.2 Tillögur að friðlýsingum

Engar nýjar tillögur að friðlýsingum voru sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti á árinu aðrar en tillaga að friðlýsingu Litlabæjarvarar 4.

5.3 Verndarsvæði í byggð


Minjastofnun veitti mennta- og menningarmálaráðherra umsögn um eftirfarandi tillögu að verndarsvæði í byggð árið 2021:

Suðurnesjabær. Útgarður, norðan Skagabrautar að Útskálum. Umsögn dags. 12. maí 2021. Verndarsvæðið var samþykkt af mennta- og menningarmálaráðherra í júní 2021.

Minjastofnun veitti sem áður sveitarfélögum ráðgjöf varðandi gerð tillögu að verndarsvæði í byggð, og leiðbeiningar um gerð húsakannana og fornleifaskráningar, sem eru hluti af vinnu við tillögugerðina.

6. Inn- og útflutningur menningarminja

Árið 2021 bárust alls 14 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta. Tvö leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis. Tvö leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings til sýningar erlendis. Tíu leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta, níu leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar og eitt til útflutnings menningarverðmæta vegna arfs. Hvert leyfi getur átt við fleiri en einn grip/sýni. Nánari upplýsingar um skilyrði leyfa og umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu [Minjastofnunar Íslands](#).



Auk þess að fjalla um útflutning menningarverðmæta skv. 44.–50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 annast Minjastofnun Íslands framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011. Tilgangur þeirra er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náði samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við alþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis, sé kunnugt um þá. Skulu lögregluvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á. Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.

7. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

7.1 Innlent samstarf

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Breiðafjarðarnefnd.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði.
- Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, situr í ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, þar er minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, varamaður.
- Minjavörður Vesturlands er fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, varamaður.

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- María Gísladóttir, verkefnastjóri, situr í samstarfshópi um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingar við uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum. Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, er varamaður og sat hann flesta fundi hópsins á árinu fyrir hönd Minjastofnunar.
- Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða – Rammaáætlun. Agnes Stefánsdóttir var skipuð í verkefnisstjórn fimmta áfanga (2021–2025) í apríl og Þór Hjaltalín, varamaður. Þetta er í fyrsta sinn síðan í 2. áfanga (2007–2011) sem Minjastofnun á fulltrúa í verkefnastjórninni.
- „Ritmenning íslenskra miðalda“ (RÍM) er verkefni sem fékk fjármagn til að úthluta styrkjum í fimm ár frá og með árinu 2020. Meginmarkmið þess er að efla rannsóknir sem tengjast þeim stöðum á Íslandi þar sem ritmenning blómstraði á miðöldum. Rannsóknir þessar munu m.a. tengjast fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði. Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri á Minjastofnun er formaður úthlutunarnefndar RÍM.
- Fulltrúar Minjastofnunar í fagráði náttúruminjaskrár eru Sædis Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra, og Guðmundur St. Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra.
- Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, var kosin í stjórn Íslandsdeildar ICOMOS vorið 2021 og gegnir þar stöðu varamanns/meðstjórnanda.

Samstarfsverkefni:

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni [Minjastofnunar Íslands](#), [Borgarsögusafns](#) og [Iðunnar fræðsluseturs](#). Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum. María Gísladóttir, verkefnastjóri, sinnir Húsverndarstofu á Árbæjarsafni fyrir hönd Minjastofnunar.

Minjastofnun fékk styrk á Byggðaáætlun 2018–2020 til nokkurra ára til að styðja við verkefni í héraði sem snúa að nýtingu menningarminja. Á árinu 2021 var haldið áfram með tvö verkefni, annars vegar í Árneshreppi og hins vegar á Bakkafirði. Hafin var vinna í Öxarfjarðarhéraði en þar sáu starfsmenn Minjastofnunar um skráningu á gamalli þjóðleið sem heimamenn hafa hug á að byggja upp sem ferðamannastað. Einnig var lagður grunnur að tveimur

verkefnum í viðbót; skráningarverkefni í Strandabyggð og uppbyggingu ferðamannastaðar í Grímsey.

7.2 Alþjóðlegt samstarf

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi forstöðumanna minjastofnana Norðurlanda (Nordic Heritage Heads Forum, NHHF) – sem áður nefndust fundir Þjóðminjavarða Norðurlanda – og fundi forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum, EHHF).

NHFF – Ársfundur forstöðumanna minjastofnana á Norðurlöndunum (Þjóðminjavarðafundur) 2021 var haldinn á Teams dagana 25. og 26. ágúst. Norðmenn stýrðu fundinum. Efni fundarins var tvíþætt að þessu sinni. Annar vegar var rætt um hagrænt gildi menningarminja og menningarlandslags fyrir þjóðfélagið. Hins vegar var rædd varðveisla minja, húsa jafnt sem fornleifa, og menningarlandslags og hvernig yfirvöld starfa markvisst að því að tryggja fjölbreytt menningarumhverfi fyrir almenning að njóta. Þá var rætt um stefnumótun af ýmsu tagi og sérstæð mál landanna krufin.

EHHF – Ársfundur forstöðumanna minjastofnana í Evrópu var haldinn í Tallin, Eistlandi 8.–10. september 2021. Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands ákvað að ferðast ekki til Eistlands en taka í staðinn þátt í dagskrá sem boðið var upp á gegnum Zoom. Forstöðumaðurinn tók einnig þátt í fjarfundi sem haldinn var 24. maí 2021.

Ársfundurinn fjallaði um minjavörslu á tímum heimsfaraldurs. Rætt var um fjármálaþáttinn, sem þrengdi að rétt eins og í öðrum starfsgreinum. Áhersla fundarins var á það félagslega ástand sem skapast þegar stytum af „kúgurum“ er steypt af stalli og þær skemmdar víða í heiminum. Hlutverk minjavörslunnar er að segja og varðveita söguna á eins sannan hátt og mögulegt er. Áhersla hefur víða verið á sögu sigurvegaranna eða nýlenduhöfðingjanna og minnismerki og stytur reistar af þeim víða um lönd. Á undanförunum árum hafa þjóðir og samfélagshópar risið upp og mótmælt dýrkun á þessum aðilum. Þau vilja að sín saga heyrir. Minjavarsla byggir ekki á fasta, heldur samningum. Það sem unnið er með núna og verður eflaust áhersluatriði á næstu árum er hvernig hægt er að varðveita minjar og söguna þannig að allir séu sáttir.

EAC – Minjastofnun Íslands hefur undanfarin ár átt fulltrúa í stjórn EAC – Europae Archaeologiae Consilium en eitt af meginmarkmiðum samtakanna er að efla samvinnu og samræður þeirra stofnana sem fara með stjórnsýslu fornleifaarfsins í Evrópu. Covid setti mikið mark á starfsemi samtakanna 2021, líkt og árið áður, og fóru allir fundir stjórnarinnar fram á Zoom. Sömmuleiðis fór aðalfundur samtakanna fram á Zoom þann 19. mars, en í tengslum við hann var haldið rafrænt málþing undir yfirskriftinni *COVID-19 and Archaeology in Europe*. Þar var fjallað var um áhrif heimsfaraldursins á fornleifafræði í Evrópu. Dagana 1.–2. júlí var svo haldið annað málþing í netheimum, með fjölmörgum áhugaverðum fyrirlestrum undir yfirskriftinni *Climate Change and Archaeology*. Fulltrúi Minjastofnunar í stjórn EAC, Þór Hjaltalín, hefur tekið að sér að leiða vinnuhóp sem ber heitið *Articulating Significance of Archaeological Sites*. Er þar um að ræða samstarf 11 landa þar sem leitast er við að draga fram sjónarmið og þróa aðferðir við mat á gildi minja og vonast er til að geti orðið nýtsamt verkfæri minjavörslunnar í framtíðinni. Búið er að safna miklu efni til útgáfu þar sem fjallað er um málefnið í víðu samhengi auk þess sem lagaumhverfi hinna ýmsu landa í Evrópu og aðferðir við mat á mikilvægi, eða gildi minja og landslags, eru

borin saman. Er markmiðið að gefa út leiðbeiningarit og einhvers konar hugmyndabanka á þessu sviði minjavörslunnar fyrir stofnanir Evrópu sem fara með stjórnsýslu fornleifaarfsins og aðra sem láta sig þessi mál varða.

NBM – Minjastofnun Íslands á fulltrúa í vinnuhópi um líffræðilegan fjölbreytileika (NBM), en verkefni hópsins er að leitast við að vernda eða draga úr tapi á lífbreytileika ásamt að stuðla að sjálfbærri nýtingu. NBM leggur höfuðáherslu á líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, náttúruvernd og sömuleiðis útivist, landslag, menningarumhverfi og vistkerfaþjónustu. Einnig að tryggja að líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfaþjónustu sé veitt athygli í þeirri vinnu sem snýr bæði að loftslagsaðlögun og loftslagsbreytingum. NBM starfar á grundvelli umhverfis- og loftslagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar, einkum 5. kafla um líffræðilega fjölbreytni. NBM auglýsir árlega eftir styrkumsóknum á grundvelli þessara markmiða. Agnes Stefánsdóttir situr í vinnuhópnum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis.

EHLF – Engin mál voru tekin fyrir í gegnum European Heritage Legal Forum á árinu.

EHD – Minjastofnun tók þátt í Menningarminjadögum Evrópu líkt og fyrri ár. Var þema ársins „Allir með!“ („Heritage all inclusive“). Dagskráin stóð að megninu til yfir dagana 30. ágúst – 5. september. Alls voru haldnir átta staðbundnir viðburðir á því tímabili en að auki stóðu tveir aðilar fyrir aukaviðburðum á öðrum tímum. Auk staðbundinna viðburða stóð Minjastofnun fyrir útgáfu starfræns efnis um menningarminjar sem og menningararfskeppni unga fólksins. Því miður bárust engin verkefni í keppnina þetta árið. Í heildina mættu um 300 manns á staðbundna viðburði og dreifing starfræns efnis hljóp á þúsundum skoðana.

PHIVE – Minjastofnun er þátttakandi í PHIVE (Promoting and Preserving Heritage in Virtual Environments) sem er samstarfsverkefni styrkt af Norðurslóðaáætlun ESB og leitt af Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Verkefnið snýr að stafrænni þróun menningararfs, en Minjastofnun er aukaaðili í verkefninu. Áfram er unnið að þróun smáforritsins „Muninn“ í tengslum við PHIVE-verkefnið, en upphaf þess má rekja til CINE-verkefnisins sem er einn forvera PHIVE.

ESPON – Minjastofnun er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni (ESPON) sem snýr að því að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánasta umhverfi. Svæðið sem verður rannsakað á Íslandi nær yfir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit. Minjastofnun hefur fengið Rannsóknarmiðstöð ferðamála til að framkvæma rannsóknina sem felur meðal annars í sér spurningakannanir og rýnihópavinnu.

Vonast er til þess að verkefnið muni gefa af sér upplýsingar um hvernig menningarminjar í héraði geti gagnast íbúum og einnig leitt af sér frjóar hugmyndir varðandi nýtingu á menningararfi fyrir ýmsa starfsemi.

8. Minjasvæði

8.1 Reykjavík og nágrenni



Skógarhlíð 16 –
Bensínstöð. Reist
1964. Hönnuður: Þór
Sandholt arkitekt.

Þær breytingar urðu á minjasvæðinu að Guðný Gerður Gunnarsdóttir lét af störfum sem minjavörður í árslok 2020 og ráðinn var nýr minjavörður, Henny Hafsteinsdóttir sem hóf störf 1. febrúar 2021.

Helstu verkefni ársins voru að sinna lögbundnu hlutverki stofnunarinnar með umsögnum vegna breytinga á húsum og mannvirkjum og í tengslum við skipulagsgerð og framkvæmdir víða á minjasvæðinu. Umsagnirnar voru allmargar til umfjöllunar á árinu og einnig fornleifaskráning og húsakannanir sem eru unnar vegna gerðar aðalskipulags, deiliskipulags og framkvæmda. Vert er að nefna veigamiklar umsagnir stofnunarinnar vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur um endurskoðun á stefnu um íbúðabyggð, þéttingu byggðar og Borgarlínu. Einnig var töluvert mikið um deiliskipulagsmál vegna frístundabyggðar í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi.

Mál tengd sjóvörnum komu inn á borð stofnunarinnar, en ábendingar bárust um að fornleifar væru í hættu vegna sjávarrofs. Þar á meðal var um að ræða friðlýstar fornleifar í Blikastaðanesi í Mosfellsbæ. Samhliða forrannsókn um gerð sjóvarna þar, hefur stofnunin sótt um styrk af Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða vegna uppsetningu skilta á svæðinu.

Nokkur mál varðandi yngri minjar, her- og iðnminjar, komu einnig inn á borð minjavarðar, en mikið hefur verið rætt um stöðu þessara minja þar sem þær hafa ekki náð 100 ára aldri og falla því ekki undir lög um menningarminjar. Umræðan hefur að mestu snúist um hvernig hægt sé að fá yfirsýn á þær svo hægt sé að tryggja verndun þeirra sem hafa sérstaklega mikið varðveislugildi. Á árinu hófst vinna í samstarfi við Reykjavíkurborg við að gera Innréttingaminjarnar í Elliðaárdal sýnilegri. Vegna fréttu um að bensínstöðvar eigi að víkja fyrir íbúðum

og atvinnuhúsnaði í Reykjavík fékk stofnunin fyrirspurnir um verndunarstöðu þessara bygginga, en þær eru flokkur bygginga sem hafa átt mjög undir högg að sækja. Minjastofnun og Reykjavíkurborg ræddu framtíð þessara bygginga og ákveðið var að Reykjavíkurborg muni hefja skrásetningu á þeim svo hægt verði að kanna varðveislugildi þeirra. Í lok árs barst stofnuninni svo skipulagslýsing fyrir Hvítanes í Kjósarhreppi en þar eru umfangsmiklar og merkilegar herminjar sem njóta hverfisverndar í aðalskipulagi.

Fornleifarannsóknir á minjasvæðinu voru flestar í Reykjavík vegna ýmissa framkvæmda. Vísindarannsókn Háskóla Íslands í Móakoti lauk árið 2020 og í ár hófst undirbúningsvinna að frágangi svæðisins í samvinnu við Seltjarnarnesbæ og er ætlunin að útbúa þar áningarstað með upplýsingaskiltum o.fl. Árlegur fornleifauppgröftur fór fram á Árbæjarsafni á bæjarstæði Árbæjar á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur og Háskóla Íslands. Þar er meðal annars haldið vettvangsnámskeið í fornleifafræði. Áætlað er að vettvangsrannsókn verði lokið 2024.

Dómur í máli eigenda Holtsgötu 5 var kveðinn upp í Landsrétti sl. sumar. Landsréttur staðfesti dóm héraðsdóms þar sem fallist var á aðalkröfu stefnanda og viðurkennt að íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð á skaða sem lög um menningarminjar nr. 80/2012 hefðu valdið stefnanda með því að meina honum að nýta heimildir deiliskipulags sem var í gildi þegar löggin tóku gildi.

Í ár var skipað nýtt minjaráð fyrir minjasvæðið og tókst að halda einn fund þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna covid. Dagskrá þess fundar fjallaði venju samkvæmt um kynningu á Minjastofnun og hlutverk minjaráðsins. Ákveðið var að boða til næsta fundar þegar covid-faraldrinum linnti.

8.2 Reykjanes



St. Jósefsspítali í Hafnarfirði. Byggingin kom nokkuð til umræðu á árinu en gert er ráð fyrir að viðbygging við spítalann verði látin víkja í nýju skipulagi við Hlíðarbraut. Spítalinn er eitt af höfundarverkum Guðjóns Samúelssonar húsameistara, byggður árið 1926.

Árið var um margt óvenjulegt. Eldgos braust út í Fagradalsfjalli þann 19. mars 2021 og stóð samfleytt í sex mánuði. Af því tilefni fékk Minjastofnun vænan stuðning til að gera átak í skráningu minja á svæðinu, sérstaklega þeirra sem metnar voru í beinni hættu vegna eldsumbrotanna. Sömuleiðis setti covid áfram mark sitt á framkvæmd minjavörslunnar þótt dregið hafi nokkuð úr áhrifum faraldursins. Ýmis samskipti og fundir hafa flust yfir á Teams og Zoom. Flest

afgreiðslumálin voru hins vegar býsna hefðbundin umsagnarmál um skipulag og framkvæmdir og lítið um sérstök átakamál á árinu.

Varðandi einstök mál má nefna tvöföldun Reykjanesbrautar við Straumsvík, sem er umfangsmikil framkvæmd og hefur töluverð áhrif á menningarminjar. Veglínan mun m.a. liggja yfir smábýlið Péturskot og fór fram uppgröftur á býlinu af því tilefni. Einnig má nefna skemmtilegt verkefni sem fór af stað á árinu sem fólst í því að gera við og veita upplýsingar um ýmsa forna brunna í Reykjanesbæ. Minjavörður fékk einnig heimsókn frá fulltrúum Bláa lónsins sem kynntu hugmyndir um þjónustu við ferðafólk við Reykjanesvita, en hafin er mikil viðgerð á vitavarðarhúsinu. Hugmyndir hafa einnig verið uppi um að friðlýsa hið einstaka búsetulandslag í kringum vitann. Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa verið dugleg við að gera tillögur að verndarsvæðum í byggð, en á meðal verndarsvæða sem voru auglýst í *Stjórnartíðindum* 10. febrúar 2021 voru þrjú á minjasvæði Reykjanes, þ.e. Garðahverfi á Álftanesi, Krókskotstún-Landakotstún í Sandgerði og Þórkötlustaðahverfi í Grindavík. Auk þess hlaut Útgarður í Suðurnesjabæ staðfestingu ráðherra á árinu. Er það til fyrirmyndar að sveitarfélög skilgreini þannig verðmætt menningarlandslag í heimabyggð og stuðli að varðveislu þess til framtíðar. Starfsemi minjaráða hefur verið stopul á covid-árunum 2020–2021. Minjaráðin komu að stefnumótunarvinnu fyrir Minjastofnun um vorið. Minjarád Reykjanes hefur gjarnan farið á vettvang og skoðað áhugaverða minjastaði í nágrenni fundarstaðar og var einn slíkur fundur haldinn um haustið þegar ráðið fundaði í Garðabæ og skoðaði gamla læknisbústaðinn á Vífilsstöðum sem unnið er að viðgerð á. Vonir stóðu til að fundur yrði haldinn í desember en með nýrri bylgju veirunnar héldu menn að sér höndum.

8.3 Vesturland



Uppgröftur í
Ólafsdal í Gilsfirði.

Árið var frekar hefðbundið, en skipulags- og framkvæmdamál halda áfram að aukast, enda hefur aldrei verið eins mikið um framkvæmda- og skipulagsmál á Vesturlandi. Stærri málum hefur fækkað en þeim smærri fjölgað. Skipulagsmálin taka mest af tíma minjavarðar.

Því miður var mjög lítið um uppgrefti á Vesturlandi. Helsti uppgroftur ársins var áframhald rannsóknar á landnámsminjum í Ólafsdal undir stjórn Hildar Gestsdóttur. Tilkynningum um skemmdir á strandminjum hefur fjölgað, en niðurbrot vegna sjógangs virðist vera að aukast. Í samstarfi við Minjastofnun Íslands reisti Vegagerðin tvo sjóvarnargarða vestan við Gufuskála til að hlífa friðlýstum minjum sem voru í hættu. Áhugi á minjum virðist vera að aukast og þá sérstaklega Eyrbyggjuminjum.

Minjavörður Vesturlands sat í samstarfshópi um vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir ströndina við Stapa og Hellna sem lauk vinnu um vorið, en verndaráætlunin kom út um sumarið. Einnig tók hann þátt í samstarfsverkefni með minjaverði Norðurlands vestra að skrá og rannsaka strandminjar á Höfnum í Skagabyggð sem lágu undir skemmdum.

Meðal þess sem var frábrugðið frá fyrri árum var starfsemi minjaráðs Vesturlands, en engir fundir hafa verið haldnir síðan 2019 vegna covid.

8.4 Vestfirðir



*Brunnur fannst í gólfí
Aðalstrætis 23 á
Patreksfirði á árinu.*

Árið var frekar hefðbundið, en eilítill fækkun varð á skipulags- og framkvæmdamálum á milli ára. Stærri málum hefur fækkað en þeim smærri fjölgað.

Helstu uppgreftir ársins á sunnanverðum Vestfjörðum voru framkvæmdarannsóknir vegna framkvæmda við vega- og brúargerð í Reykhólahreppi. Mjög merkilegar minjar hafa komið í ljós við þær framkvæmdir. Við Langeyri í Álftafirði fór fram neðansjávarrannsókn vegna framkvæmda og voru teknir könnunarskurðir í setlög. Þá var haldið áfram vísindarannsóknum á Auðkúlu í Arnarfirði og í Sandvík á Ströndum. Í húsamálum var það helst að lokið var við endurmálun á innra byrði Ögurkirkju og lokið var við ytra borð hússins á Fremri Hvestu. Áfram er unnið að færslu Ranakofans í Svefneyjum, en það hefur verið unnið í nánú samstarfi við Minjastofnun Íslands og með styrk úr húsafriðunarsjóði. Óvæntur minjafundur varð í byrjun árs þegar brunnur fannst undir gólfí Aðalstrætis 23 á Patreksfirði. Strandminjar halda áfram að skemmast en í ljós kom að dys í Krossadal við Tálknafjörð hafði skemmst vegna sjógangs.

Einnig bárust Minjastofnun tilkynningar um skemmdir á minjum í Hælavík á Hornströndum vegna sjávarrofs.

8.5 Norðurland vestra



*Starfsmenn
Minjastofnunar
Íslands í
rannsóknarferð á
Höfnum á Skaga.*

Á minjasvæði Norðurlands vestra var líkt og fyrri ár að ýmsu að huga á sviði minjaverndar, samkomutakmarkanir og sóttvarnaaðgerðir settu þó mark sitt á ýmsa þætti starfsins líkt og 2020. Fundahald innan stofnunar og utan hefur að miklu leyti færst yfir á netið, sem og ráðstefnur af ýmsu tagi. Minjavörður fór engu að síður, líkt og fyrri ár, í fjölda vettvangsferða, en meginþorri þeirra var í tengslum við framkvæmdir og skipulagsvinnu, sem og viðgerðir og viðhald gamalla húsa. Þess utan voru farnar nokkrar ferðir til að huga að minjum sem eiga undir högg að sækja af náttúruvöldum.

Minjavörður fór ásamt fleiri starfsmönnum stofnunarinnar til að rannsaka minjar í landi Hafna á Skaga í kjölfar tilkynningar um gripafund. Á Höfnum var mikið útræði öldum saman og eru umfangsmiklar minjar um það á nær allri strandlengju jarðarinnar. Stór hluti þessara minja er því miður í mikilli hættu vegna landbrots af völdum sjávar og höfðu gripirnir fundist í bakka sem fallið hafði fram. Minniháttar rannsókn var gerð á svæðinu, jarðvegur sigtaður og gripir teknir til varðveislu, þá voru bakkar framan við minjar mældir inn með GPS-tæki og settir niður hælur til að fylgjast nánar með landbroti.

Umfangsmesta verkefnið sem styrkt er af húsafríðunarsjóði á svæðinu er viðgerð á Silfrastaðakirkju, en kirkjan var í haust tekin af grunni og færð til viðgerða við trésmíðaverkstæðið Ýr á Sauðárkróki. Þá var gamla íbúðarhúsið á bænum Höfða á Höfðaströnd tekið niður og flutt en bíður þess að vera endurbyggt á nýjum stað. Þess má einnig geta að húsið Villa Nova sem byggt var 1903 og hýsir skrifstofu Minjastofnunar á Sauðárkróki var afhent Ríkiseignum á árinu og verður ráðist í viðgerðir og málningu á komandi misserum.

Fá leyfi hafa verið gefin út til fornleifarannsókna á minjasvæðinu undanfarin þrjú ár eða á bilinu 2–4 en til samanburðar voru þau níu árið 2018. Þessi fækkun í útgáfu leyfa skýrist að einhverju leyti af því að stórum rannsóknum á svæðinu lauk árið 2018 og eru þær nú í úrvinnsluferli.

Meðal þess sem var frábrugðið frá fyrri árum var starfsemi minjaráðs Norðurlands vestra, en engir fundir voru haldnir í ráðinu á árinu 2021.

8.6 Norðurland eystra



*Stefánsfjós á
Möðruvöllum.
Múrsteinar úr
Friðriksgáfu frá um
1830.*

Verkefni ársins á Norðurlandi eystra voru sem fyrr fjölbreytt og þau helstu snerta ráðgjöf og umsagnir varðandi skipulagsmál og framkvæmdatengd verkefni. Minna var um fundi og vettvangsferðir en oft áður vegna ástandsins, en flest samskipti voru rafræn. Á árinu voru gefin út fjögur leyfi fyrir fornleifarannsóknnum á minjasvæðinu, þar af voru þrjár framkvæmdarannsóknir. Rannsókn var gerð í Svarfaðardal og Hörgárdal og var þetta fyrsta árið af nokkrum í stórrí rannsókn sem gengur undir nafninu Tvídæla. Auk þessara rannsókna fór fram fornleifaskráning í tengslum við lagningu rafmagns og ljósleiðara á nokkrum stöðum á svæðinu sem og vegna fyrirhugaðs deiliskipulags, skógræktar og vegagerðar. Alvarlegasta mál ársins var þegar Miðgarðakirkja í Grímsey brann til kaldra kola í september og með henni dýrmætir kirkjugripir. Starfsmenn Minjastofnunar náðu að nýta tímann milli covid-bylgja til að koma saman á Hofstöðum, eiga þar vinnubúðir og skoða töluvert af menningarminjum á minjasvæðinu. Hluti starfsmanna stofnunarinnar kom líka að Hofstöðum og uppfærði fornleifaskráningu jarðarinnar í tengslum við yfirstandandi vinnu við friðlýsingu jarðarinnar.

Á árinu var einnig töluvert um fyrirspurnir og beiðnir um ráðleggingar vegna friðaðra húsa á minjasvæðinu. Stærsta verkefnið á svæðinu er viðgerð á Grænavatni í Mývatnssveit sem húsafriðunarsjóður styrkti myndarlega.

Minjaráð Norðurlands eystra náði tveimur fundum á árinu en vegna covid urðu þeir ekki fleiri, annar fundurinn var á Minjasafninu á Akureyri en hinn var á Hofstöðum í Mývatnssveit. Minjaráðsfulltrúar komu einnig að stefnumótunarvinnu vegna verndar byggingararfs, fornleifa og fornleifarannsókna.

8.7 Austurland



Viðborðssel í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Aukning mála á Austurlandi hélt áfram árið 2021 og hefur minjavörður vart haft undan við umsagnarskrif auk þess að sinna öðrum málum. Heimsfaraldurinn hélt áfram að setja sitt strik á starfshætti minjavarðar og starfaði hann því mikið heima fyrir auk þess að minna var um að minjavörður hitti fólk á vettvangi. Fjarskiptabúnaður hefur komið sér gríðarlega vel og ekki hægt að segja annað en að vegna stærðar minjasvæðisins hafi það oft verið mjög nytsamlegt og tímasparandi að geta fundað með slíkum hætti og hefur í raun gert samskipti minjavarðar við ýmsa aðila mun auðveldari og aðgengilegri.

Í tengslum við aukningu skipulags- og framkvæmdamála hefur fornleifaskráning innan svæðisins aukist auk rannsókna af ýmsu tagi. Áhrif skriðufallanna á Seyðisfirði voru mikið í deiglu og sat minjavörður ásamt sviðsstjóra umhverfissviðs Minjastofnunar í ráðgefandi nefnd um þau hús sem eru á hættusvæði á Seyðisfirði og mögulega framtíð þeirra. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna á Seyðisfirði héldu áfram og undu þær svo sannarlega upp á sig þar sem í ljós komu mun eldri minjar en talið var að þar væru auk fjögurra kumla. Það hefur verið spennandi að fylgjast með því sem þar hefur komið í ljós og verður áhugavert að fylgjast með framhaldi rannsóknarinnar á næsta ári. Að heimsækja rannsóknina á Stöð í Stöðvarfirði er orðinn fasti í sumarrúttínu minjavarðar Austurlands og heldur sú rannsókn áfram að gefa nýjar og spennandi niðurstöður. Minjavörður fékk á árinu tækifæri að heimsækja staði sem honum hafði ekki enn gefist færi á að skoða, t.d. Loðmundarfjörð. Auk þess hefur með nýfengnu flygildi gefist tækifæri á að mynda minjastaði út frá nýju sjónarhorni. Í tengslum við menningarminjadaga Evrópu bjó minjavörður til kynningar myndband um minjar í landi Teigarhorns við Berufjörð þar sem sögumaðurinn var 7 ára ábúandi jarðarinnar.

Minjaráð Austurlands fundaði þrisvar á árinu. Tveir fundir voru fjarfundir þar sem ýmislegt var rætt eins og skráningarmál og þörf á fleiri starfsmönnum eystra vegna aukningar á verkefnum. Í júní fundaði ráðið í fyrsta sinn í langan tíma á

vettvangi á Seyðisfirði þar sem ráðsmenn skoðuðu skriðusvæðið og fornleifarannsóknina sem þar var í gangi.

8.8 Suðurland



Konungssteinar við Geysi.

Það má með sanni segja að starfsárið hafi litast af covid-faraldrinum sem linnti ekki látum frá árinu áður. Verkefni utan skyldustarfa voru í færra lagi og má rekja það til ástandsins í þjóðfélaginu hér heima og raunar um allan heim. Skipulagsmál komu á okkar borð á Suðurlandinu eins og venja er í miklu magni. Ekki var um raunverulega fækkun skipulagsmála að ræða þrátt fyrir kófið og virðist sem fólk í sóttkví hafi gefið sér tíma til að vinna í sumarbústaðamálum sínum, lagt drög að byggingum, breytingum á sumarhúsalóðum og -húsum. Ljósleiðaravæðing heimilanna hélt áfram sem og uppbygging innviða á ferðamannastöðum en þar stýrir Minjastofnun nokkrum verkefnum á Suðurlandi. Fornleifaskráning sjálfstætt starfandi fornleifafræðinga fyrir sveitarfélög, fyrirtæki stór og smá, mjakast áfram. Fornleifarannsóknir voru nokkrar á Suðurlandi að sumrinu og voru rannsakendur heimsóttir af því tilefni. Unnið var við undirbúning að framkvæmdum við lagfæringar á skýlinu yfir rústunum á Stöng í Þjórsárdal. Nemi í arkitektúr við Listaháskóla Íslands fékk sumarvinnu á Minjastofnun. Lagði hann áherslu á að kynna sér Þjórsárdal og skilaði með haustinu skýrslu um eigin hugmyndir að kynningu menningarminja þar. Vinnu samstarfshóps um fagþekkingu við uppbyggingu innviða lauk á árinu og var skýrslu skilað til ráðuneytis og vefsíðu, Vegrúnu, hleypt af stokkunum. Minjavörður Suðurlands tók þátt í því samstarfi seinni hluta tímabilsins. Eins sitja fulltrúar Minjastofnunar í samráðshópi Umhverfisstofnunar um málefni friðlýstra svæða í Þjórsárdal þar sem hist er reglulega á fundum. Minjavörður hafði milligöngu um að varðveislumat var unnið á vegum Sjóminjasafnsins fyrir skipið Blátind frá Vestmannaeyjum. Eru örlög hans enn óráðin en Minjastofnun mun beita sér fyrir varðveislu hans. Starfsmenn stofnunarinnar fóru og skoðuðu hið sérkennilega steinskip á Fagradalsheiði í Mýrdal með haustinu og ákváðu að koma þar aftur næstkomandi vor og rannsaka betur. Starfsemi minjaráðs Suðurlands lá í láginni þetta árið og helgast það af faraldrinum.

9. Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafríðunarsjóð fór fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafríðunarsjóði 12. mars og úr fornminjasjóði 25. mars. Í fyrsta sinn var notast við rafrænt umsóknakerfi fyrir umsóknir í sjóðina. Eyðublað voru sett upp á síðu Stafræns Íslands og mæltist breytingin að mestu vel fyrir hjá notendum þótt nokkurra byrjunarörðugleika yrði vart í kerfinu.

9.1 Fornminjasjóður

Vegna styrkúthlutunar árið 2021 var auglýst eftir umsóknum 16. nóvember 2020 og rann umsóknarfrestur út 10. janúar 2021. Auglýst var í dagblöðum, á heimasíðu og Facebook-síðu stofnunarinnar. Sótt var um með rafrænum hætti með eyðublaði sóttu af vef Minjastofnunar Íslands. Alls barst 61 umsókn um styrki úr fornminjasjóði árið 2021 en einni umsókn var vísað í húsafríðunarsjóð og komu því 60 umsóknir til álita. Veittur var 21 styrkur og úthlutað samtals 41.450.000 kr. Sótt var um tæpar 156 milljónir kr. Rekstrarreikning sjóðsins má sjá í kaflanum fjármál.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Ekki var hægt að styrkja fjölda góðra umsókna í ár en alls töldust 87% umsóknanna styrkhæfar, sem er hærra hlutfall en árið áður, en þá þótti hlutfallið mjög hátt. Gæði umsókna í fornminjasjóð hafa farið stigvaxandi frá því Minjastofnun tók við umsjón sjóðsins árið 2013 sem er frábært en gerir nefndinni erfiðara fyrir að velja úr þau verkefni sem hægt er að styrkja með takmörkuðu fjármagni sjóðsins. Því var ljóst að einungis yrði hægt að styrkja þær umsóknir sem fengu hæstu einkunnirnar, en umsóknir eru metnar á skalanum 0–15. Allar umsóknir sem fengu 15 í einkunn, 7 talsins, hlutu styrk en velja þurfti úr þeim umsóknum sem fengu 14 í einkunn. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats fornminjanefndar.

Tafla 9.1 Úthlutanir úr fornminjasjóði. Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifarannsóknir (uppgröftur/skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	5	3	3,900	0	1,500	0	5,400
Reykjanes	1	1	0	2,500	0	0	2,500
Vesturland	8	3	5,000	0	2,000	0	7,000
Vestfirðir	4	3	6,100	0	0	0	6,100
Norðurland vestra	6	0	0	0	0	0	0
Norðurland eystra	8	1	1,500	0	0	0	1,500
Austurland	6	2	5,100	0	0	0	5,100
Suðurland	10	5	10,600	0	0	0	10,600
	48	18	32,200	2,500	3,500	0	38,200
Fornleifarannsóknir (á landsvísu)	3	0					0
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	3	1					1,300
Varðveisla/viðhald (ekki staðbundið)	2	1					1,000
Rannsóknir á forngrípum	4	1					950
	12	3					
SAMTALS	60	21					41,450



9.2 Húsafríðunarsjóður

Tekjur húsafríðunarsjóðs eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs.

Við úthlutun styrkja árið 2021 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af forsætisráðherra 9. júní 2016 (nr. 577/2016).

Auglýst var eftir umsóknum vegna styrkúthlutunar 2021 þann 14. október 2020 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2020. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt. Auk þess var auglýsingin birt í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 361 umsókn um styrki úr húsafríðunarsjóði og hafa umsóknirnar aldrei verið fleiri. Veittir voru 240 styrkir, samtals 315.757.000 kr. Samtals var sótt um ríflega 1,5 milljarð króna. Rekstrarreikning sjóðsins má sjá í kaflanum fjármál.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafríðunarnefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn, þar sem m.a. er lagt mat á varðveislugildi mannvirkis, gæði umsóknar, mikilvægi verkefnis og framlag umsækjanda. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 9.2 Úthlutanir úr húsafríðunarsjóði. Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	96	57	6.200	19.600	26.900	1.300	54.000
Vesturland	20	14	6.600	4.600	6.300		17.500
Vestfirðir	56	40	10.800	10.700	26.500	1.500	49.500
Norðurland	70	45	28.500	4.400	32.700	1.000	66.600
Austurland	57	40	13.000	2.700	27.300	1.800	44.800
Suðurland	44	31	13.900	24.700	15.000		53.600
	343	227	79.000	66.700	134.700	5.600	286.000
Byggða- og húsakannanir	3	2					1.600
Rannsóknir og önnur verkefni	13	9					11.000
Verndarsvæði í byggð	2	2					17.157
SAMTALS	361	240	79.000	66.700	134.700	5.600	315.757

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2021 má finna á heimasíðu Minjastofnunar.

10. Fjármál

10.1 Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma Minjastofnunar Íslands árið 2021 var neikvæð um kr. 4.958.233. Höfuðstóll eigin fjár var í árslok neikvæður um kr. 5.992.188.

Framlag ríkissjóðs til reksturs Minjastofnunar var kr. 302.400.000. Þar af var sérstakt framlag, kr. 54.000.000, til að mæta kostnaði við átak í skráningu menningarminja á Reykjanesi vegna náttúruvár. Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er styrkur frá Vinnumálastofnun vegna þátttöku í verkefninu sumarstörf námsmanna og styrkir vegna ýmissa samstarfs- og innviðaverkefna.

Rekstrarreikningur 2021		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		302.400.000
Framlög og ýmsar tekjur		18.081.100
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		8.284.795
	Tekjur samtals	328.765.895
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		240.522.524
Framlög og tilfærslur		0
Annar rekstrarkostnaður		84.867.181
Afskriftir		8.284.795
	Gjöld samtals	333.674.500
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(-4.908.605)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-49.628)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-49.628)
	Afkoma ársins	(-4.958.233)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		(-1.033.955)
Afkoma ársins		(-4.958.233)
Höfuðstóll í árslok		(-5.992.188)

10.2 Fornminjasjóður – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma fornminjasjóðs á árinu 2021 var neikvæð um kr. 1.646.654. Að teknu tilliti til höfuðstóls sem fluttur var frá fyrra ári var höfuðstóll sjóðsins í árslok jákvæður um kr. 5.320.564 og var hann fluttur yfir á árið 2022. Umfjallanir um styrkúthlutanir úr sjóðnum má finna í kaflanum fornminjasjóður.

Rekstrarreikningur 2021		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		44.400.000
	Tekjur samtals	44.400.000
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		2.472.373
Framlög og tilfærslur		39.530.000
Annar rekstrarkostnaður		4.044.281
	Gjöld samtals	46.046.654
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(-1.646.654)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		0
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	0
	Afkoma ársins	(-1.646.654)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		6.967.218
Afkoma ársins		(-1.646.654)
Höfuðstóll í árslok		5.320.564

10.3 Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma húsafriðunarsjóðs á árinu 2021 var neikvæð um kr. 25.437.659. Að teknu tilliti til höfuðstóls sem fluttur var frá fyrra ári var höfuðstóll sjóðsins í árslok jákvæður um kr. 12.734.017 og var hann fluttur yfir á árið 2022.

Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er framlag sveitarfélaga til sjóðsins sem greiðist úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, samtals kr. 55.318.800, eða kr. 150 á hvern íbúa í upphafi árs. Umfjöllun um styrkúthlutanir úr sjóðnum má finna í kaflanum húsafriðunarsjóður.

Rekstrarreikningur 2021		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		219.100.000
Framlög og ýmsar tekjur		55.318.800
	Tekjur samtals	274.418.800
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		2.478.920
Framlög og tilfærslur		284.506.000
Annar rekstrarkostnaður		12.869.459
	Gjöld samtals	299.854.379
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(-25.435.579)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-2.080)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-2.080)
	Afkoma ársins	(-25.437.659)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		(-65.367.950)
Afkoma ársins		(-25.437.659)
Breyting á árslokastöðu skv. ákv. fjármála- og efnahagsráðuneytis		103.539.626
Höfuðstóll í árslok		12.734.017